

Fimmtudaginn 14. maí 2020 var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 15/2020

X, f.h. Zdeildar

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

#### I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda sem barst siðanefnd 11.2.2020 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði hafi gerst brotlegur við starfsreglur ræktunardeilda þar sem hún hefði í starfi sínu sem gjaldkeri ræktunardeildarinnar dregið sé fé. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 12.2.2020 og henni gefinn 4 vikna andmæla frestur. Kærða svaraði. Siðanefnd ákvað að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að kærða hafi brotið gegn starfsreglum ræktunardeilda HRFÍ og lögum Hundaræktarfélagsins.

#### III. Forsendur

Samkvæmt kæru sem barst siðanefnd 11.2.2020 lagði Zdeild HRFÍ fram gögn sem sýndu fram á að gjaldkeri deildarinnar hefði dregið að sér fé deildarinnar með ólögumætum hætti. Kærða hafði áður en kæran barst bæði greitt fjármuni til baka til deildarinnar ásamt því að hafa haft samband við framkvæmdastjóra HRFÍ og gert grein fyrir brotinu. Kærðu er talið til málsbóta að hafa eftir bestu getu greitt sjálfviljug úr málinu.

#### IV. Niðurstaða

Kærða telst hafa gerst brotleg við lög HRFÍ ásamt starfsreglum ræktunardeilda HRFÍ.

Kærða hlýtur alvarlega áminningu.

f.h. siðanefndar

---

Klara Símonardóttir

---

Anna D. Hermannsdóttir

---

Ásta María Karlsdóttir